


01 Grunnmynd Aðaluppdrættir A2
1 : 100

## Burðarveggur




Snið 1:10

104
100

**BYGGINGALÝSING : BREYTT ÚTLIT, SNIÐ OG INNRA SKIPULAG ÁSAMT BURÐARÞOLI FYRIR ÞAK OG ÚTVEGGI.**

**Almennt: Íbúðarhús ásamt innbyggðum bílskúr**
**Götuheiti : Ferjunes land 2 lóð 2 2**
**Landnr.: 220973**
**Staðgreinir : 8722-6-00022007**

**Lýsing:**
Íbúðarhúsið er nýbygging sem er staðsett við Ferjunes, í landi Flóahrepps. Samþykktir aðaluppdrættir vegna nýbyggingarinnar eru til frá árinu 2012. Hér er einungis verið að senda inn breytingarteikningu af útliti og smávægilegum breytingum innanhúss ásamt burðarþolsteikningum af þaki og útveggjum.
Búið er að ganga frá sökkli, plötu og lögnum með úttekt.
Heildarflatarmál bygginga : 244,6 m²
Rúmmál húss : m³
Lóðarstærð : 22.100 m²
Nýtingarhlutfall : 1,1 %
Allar rýmisstærðir eru skilgreindar í skráningartöflu

**Sökkull og botnplata:**
Sjá samþykktar teikningar 120-01 og 120-02 dagsettar 05.07.12
Hönnuður: Guðjón Þórisson.

**Útveggir:**
Burðarvirki útveggja, fura/greni flokkur T1 er timburgrind 48x148 mm, klædd með gufuopnum 9 mm krossvið til stýfingar. Utan á krossviðinn kemur loftunargrind og svo lárétt timburklæðning. Loftræst bil skal vera að lágmarki 22 mm, c/c 400-600, til að tryggja óhindrað loftflæði og minnka rakasöfnun. Einnig skal setja músanet að neðan allan úthringinn. Einangrun útveggja er 150 mm þéttull.
Að innan kemur rakavarnarlag. Tryggt skal að öll samskeyt séu þétt.
Lagnagrind er fura/greni 34*48 mm, c/c 400-600 og loks klæðning í flokki 2.
Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

**Þakvirki:**
Burðarvirki þaks er byggt upp með kraftsperrum 50x175 mm, skástífum 50x100 mm og togbandi 50x150 mm, fura c/c 400-600mm, timbur er í flokki C18 eða betra.
Þak er einangrað með 200mm steinullareinangrun með vindvörn.
Að ofan eru þaksperrur þéttklæddar með 25*150mm timburborðaklæðningu eða 20 mm nótuðum krossvið, ásamt pappa og bárujárni. Neðan á sperrur kemur rakavarnarlag með 34*48mm lagnagrind c/c 400-600 og loks klæðning í flokki 2.
Í hvert sperrubil skal setja 3 stk. 40mm loftunarrör til að tryggja lágmarks öndun á þaki samkvæmt byggingareglugerð. Þakhalli 18°.
Sjá nánar í verkfræðiteikningum.

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar og hurðir verða úr við, klæddir álkápu.
Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler (einangrunargler).
Björgunarop eru í svefnherbergjum, stærð þeirra sé að lágmarki 600 mm á breidd og 600 mm á hæð.
Allar innihurðir eru 900 mm breiðar.

**Frágangur innanhúss:**
Veggur sem aðskilur íbúð og bílskúr er EI-60 og hurð í vegg EI-CS30
Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.
Léttir innveggir eru byggðir upp úr 70 mm blikkstoðum er klæðist með 2x13 mm gipsplötum hvorumegin og einangrist með 70 mm steinull.
Veggir í votrýmum og geymslum skulu vera klæddar með rakaheldum spónarplötum eða sambærilegt.

**Burðarvirki og festingar:**
Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.

**Lagnir:**
Sjá samþykktar teikningar nr. 500-01, nr. 500-02 og nr. 500-03 dagsettar 05-07-12 og hannaðar af Guðjóni Þórissyni.

**Flokkun klæðninga:**
Íbúð sé í flokki 2 (EI-30)
Bílskúr sé í flokki 1 (EI-60)
Veggur milli íbúðar og bílgeymslu sé í flokki 1.

**Brunavarnir:**
Brunaveggur EI-60 sem aðskilur bílskúr skal þannig gerður að hann nái út að ystu vegg- og þakklæðningu.
Fram kemur á teikningu hvar reykskynjarar, slökkvitæki og björgunarop eru staðsett.

**Annað:**
Vísað í áður samþykkta aðaluppdrætti. Teikning nr. 100-01, dagsett 04.03.12
Hönnuð af Guðjóni Þórissyni.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
09. ágú. 2017
Byggingarfulltrúi

**VERK - 10-07-17-01-100 A2**

| | |
|---|---|
| GN : Gólfniðurfall | RV : Rafveita |
| R : Reykskynjari | BO : Björgunarop |
| GK : Gólfkóti | HS : Handslökkvitæki |
| VV : Vatnsveita | EV : Eldhúsvaskur |
| | HL : Handlaug |
| | Flóttaleið |

Teiknistofa
HAMAR & STRIK
Byggingaverktakar

Hamar & Strik ehf
Kt: 710715-0840
Brandshús 6
801 Selfoss
S: 696-3720 / 691-3720
hamarogstrik@gmail.com

| | |
|---|---|
| Verkefni: | Ferjunes land 2 lóð 2 2 |
| Verkhluti: | Grunnmynd og lýsing |
| Landnr: | 220973 Staðgreinir: 8722-6-00022007 |
| Teiknað af: | Lilja Ómarsdóttir |
| Kt: | 010578-3889 |
| Yfirfarið af: | |
| Hönnuður: | Sigurður U. Sigurðsson |
| Kt: | 290772-4279 2995 |
| Dags: | 27/07/17 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Verknúmer: | 10-07-17-01 |

**VERK - 10-07-17-01-100 A2**